

Frá: Skjálftinn Suðurland <sudurlands.skjalftinn@gmail.com>

Sent: miðvikudagur, 9. september 2026 09:50

Efni: Framtíðarskipulag Skjálftans – Samstarf við sveitarfélög og næstu skref

Sæl verið þið, kæru tengiliðir og forsvaraðilar sveitarfélaga á Suðurlandi!

Eins og tilkynnt hefur verið er eitt af áhersluverkefnum SASS í ár að móta framtíðarfyrirkomulag [Skjálftans](#) hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum á Suðurlandi. Markmiðið er að tryggja að Skjálftinn geti vaxið í umfangi og gæðum, um leið og við tryggjum öllum ungmennum á Suðurlandi jöfn tækifæri til þátttöku — óháð búsetu og aðstöðu.

Til að ná þessu fram er unnið í virku samráði við sveitarfélög, grunnskóla og fleiri menningartengdar stofnanir á Suðurlandi í þétta samstarfi við byggðapróunarfulltrúa hvers svæðis. Þannig tryggjum við að raddir allra sveitarfélaga heyrist og að lausnirnar nýtist öllum sem best.

Öflugt samstarf og næstu skref

- **Sérstakur tengiliður:** Við kynnum til leiks Evu Bjarnadóttur hjá [Nýheimum Þekkingarsetri](#), en hún er tengiliður Skjálftans við byggðapróunarfulltrúa á Suðurlandi.
- **Aðkoma byggðapróunarfulltrúa:** Með því að nýta þekkingu og tengsl byggðapróunarfulltrúa í sinni heimabyggð tryggjum við að Skjálftinn geti þróast og náð sterkari fótfestu. Aðkoma þeirra snýr m.a. að:
 - Samtali við sveitarfélög og skóla.
 - Miðlun upplýsinga og tengingu við verkefnið.
 - Þátttöku í mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag.
- **Jöfn þátttaka og sjálfbærni:** Markmiðið er að tryggja jafna þátttöku allra grunnskóla á svæðinu, óháð búsetu og stærð skóla, ásamt því að leggja grunn að sjálfbæru fyrirkomulagi til framtíðar.
- **Tímasetningar og fyrirkomulag:** Unnið er að því að finna góðar tímasetningar og staðsetningar fyrir viðburðinn. Áætlaðar eru undankeppnir og svo ein glæsileg aðalkeppni á vormánuðum 2027.

Til að ná sem bestum árangri leggjum við ríka áherslu á gott upplýsingaflæði til tengiliða og forsvaraðila sveitarfélaga. Við munum halda ykkur upplýstum með reglulegum póstum og bjóða til stöðufunda eftir þörfum.

Einnig skiptir miklu máli að kortleggja vilja sveitarfélaga til þátttöku og stuðnings. Næstu skref eru í höndum byggðapróunarfulltrúa, SASS og verkefnastjóra Skjálftans / áhersluverkefnisins, sem munu í kjölfarið óska eftir frekara samtali.

Við þiggjum allar ábendingar og hugmyndir með þökkum — ekki hika við að hafa samband!

Hlökkum til áframhaldandi og góðs samstarfs,

Íris Hrund og Halldóra Rut,

Verkefnastjórar Skjálftans á Suðurlandi (tyra.is) s. 694-6261